

## Fundargerð ferðamálaráðs

14. mars 2006

Mættir: DJ, EOK, DM, PR, GS, SS, MO

Dagskrá fundarins var ákveðin eftirfarandi:

1. Kynning á ráðstöfun markaðspeninga þ.e. rekstur skrifstofa og bein markaðssókn
2. Vefmál. Hvert stefnum við?
3. Innihald fundargerða

### *Innihald fundargerða:*

Fyrst var tekið fyrir innihald fundargerða. Ákveðið að þær skyldu endurspegla efni fundarins, að öðru leyti yrðu þær knappar.

### *Ráðstöfun markaðspeninga:*

MO var með glærुकynningu á peningaþætti markaðsmála. Glærurnar sendar til fulltrúa ráðsins að loknum fundi.

Í kjölfar kynningarinnar fóru fram umræður um utanumhald og dreifingu markaðspeninga, sem og um nokkur markaðsátök sem þykja hafa tekist vel. Meðal annars um:

### *Iceland Naturally:*

MO fór í stuttu máli yfir verkefnið Iceland Naturally USA. Ákveðið var að frekari kynning færi fram á næsta fundi ráðsins. Vefrit samgönguráðuneytis sem fjallar um verkefnið var sent fulltrúum ráðsins eftir fundinn.

### *Hagvöxtur á heimaslóð og Útflutningsaukning og hagvöxtur:*

JÁ fjallaði stutt um þessi verkefni.

### *Samstarf:*

Rætt var um samstarf aðila í ferðaþjónustu meðal annars í gegnum markaðsskrifstofur landshluta. Einnig var samstarf opinberra aðila sem fara með ferðamál rætt..

Þá var talið að auka mætti samstarf við sendiráðin, vilji væri til þess, en hugsanlega vantaði farveg. Hugmynd um að láta vinna samantekt um markaðsaðgerðir í opinberri stjórnslu var viðruð.

### *Á döfinni:*

Tveir viðburðir eru í uppsiglingu. Annarsvegar Ferðatorgið sem kynnt verður á sýningunni Matur 2006 og hins vegar verkefnið Ferðalangur á heimaslóð.

### *Næsti fundur:*

Þriðjudagur 4. apríl kl 13:30 í samgönguráðuneyti.

Dagskráin var ákveðin eftirfarandi:

1. Kynning á Iceland Naturally
2. Kynning JÁ á Útflutningsráði
3. Vefmál (þar sem ekki náðist að ræða þau á fundinum 14.3)

Fundargerð ritaði IK.